



Til: <lara@mos.is>

Efni: Deiliskipulagslýsing - frístundasvæði Miðal Mosfellsbæ

Upplýsingar:

Sent: 25-09-2019 09:09:08 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019090011, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2019090011

Vísað er til bréfs frá Mosfellsbæ, dags. 9. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir deiliskipulag frístundasvæðis í Miðdalslandi Mosfellsbæ.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir skipulagslýsinguna. Hér er um frekar lítið svæði að ræða og merkar náttúruminjar ekki þekktar á svæðinu og ekki líklegt að þar sé að finna merkar náttúruminjar. Engu að síður gerir stofnunin þá athugasemd að í framangreindri lýsingu er hvorki fjallað um að í deiliskipulagi verði gerð grein fyrir náttúrufari svæðisins né með hvaða hætti það verði metið eða tekið tillit til þess sé ástæða til þess.

Þó umrætt deiliskipulagssvæði sé lítið þá vill Náttúrufræðistofnun almennt benda á eftirfarandi og vekur jafnframt athygli á því að á heimasíðu stofnunarinnar er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar s.s. um plöntur og dýralíf, vistgerðarkort og upplýsingar um sérstaka vernd skv. 61. gr. laga um náttúruvernd og margt fleira sem gæti nýst við skipulagsvinnu:

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig hún samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almennarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framskipt lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif þeirra m.t.t. markmiða allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna. Stofnunin vekur athygli á að hægt er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

